# GJALDSKRÁ FYRIR FRÍSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir frístundaheimili við Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjálandsskóla Álftanesskóla og Urriðaholtsskóla.

Í frístundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi.

Gjald fyrir dægradvöl í frístundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

Gjaldskrá:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1- 10 | klst./mán. | kr. | 4.700 |
| 11-20 | klst./mán. | kr. | 9.400 |
| 21-30 | klst./mán. | kr. | 14.100 |
| 31-40 | klst./mán. | kr. | 18.800 |
| 41-50 | klst./mán. | kr. | 23.500 |
| 51-60 | klst./mán. | kr. | 28.200 |
| 61-70 | klst./mán. | kr. | 32.900 |
| 71-80 | klst./mán. | kr. | 37.600 |

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, á frístundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir barn umfram tvö.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum frístundaheimila samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi og er veittur einstaklingum með lægri meðaltekjur að fjárhæð kr. 856.000 á mánuði og sambúðarfólki með lægri meðaltekjur en kr. 1.049.000 á mánuði.

Sækja þarf um systkinaafslátt og tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2025.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar*
*5. desember 2024*

*Lúðvík Örn Steinarsson,*
*sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.*

Úr gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

**4. gr.**

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á frístundaheimilum grunnskólanna kr. 215 fyrir síðdegishressingu.